

Heilsuleikskólinn Heiðarsel



STARFSÁÆTLUN
2020 - 2021

Efnisyfirlit

LEIKSKÓLINN HEIÐARSEL-STARFSÁÆTLUN 2020-2021	4
NÁMIÐ NÆSTA LEIKSKÓLAÁR	4
Leikskólastarfið.....	4
Sérstakar áherslur	4
Skipulag	5
Verkefni elstu nemenda	6
Vináttuverkefni Barnaheilla – save the children	6
Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir	7
ÞRÓUN OG NÝBREYTNISTARF	7
Rafræn Heilsubók	7
Foreldraviðtöl.....	8
Heilsueflandi samfélag.....	8
Þróunarverkefni snemmtæk íhlutun - mál og læsi	8
Læsi og stærðfræði.....	8
Nemar frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.....	9
Aðlögun	10
Stefna Reykjanesbæjar 2020-2030	10
MAT Á SKÓLASTARFI	10
Nemendur	11
Starfsmenn.....	11
Starfsmannasamtöl	11
Sérkennsla.....	11
Fundir.....	11
Skipulagsdagur/námskeið	11

Endur- og símenntun	12
FORELDRASAMSTARF	13
SAMSTARF	14
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila.....	14
Samstarf við grunnskóla.....	14
Nemar.....	14
Viðhald húsnæðis	14
LOKAORÐ.....	14

Leikskólinn Heiðarsel-starfsáætlun 2020-2021

Námið næsta leikskólaár

Leikskólastarfið

Leikskólinn er fjögurra deilda leikskóli með aldurskiptar deildir þetta skólaárið. Fjöldi barna í september eru 89 og starfsmenn eru 30. Nokkur börn bætast í hópinn um áramótin.

Starfsáætlunin er byggð upp á námskrá leikskólans, starfsvenjum og skóladagatali fyrir skólaárið 2020-2021. Leikskólinn er heilsuleikskóli. Viðfangsefni vetrarins verða meðal annars tengd heilsustefnu sem tekin var upp í leikskólanum árið 2004. Í heilsustefnunni er lögð áhersla á hreyfingu, næringu og listsköpun. Unnið verður í aldurskiptum hópum fimm daga vikunnar. Þrisvar sinnum í viku er hópastarf og tvisvar sinnum í viku er skipulögð hreyfing í sal hjá öllum árgöngum nema elstu börnunum sem fara þrisvar sinnum í skipulagða hreyfingu í sal. Aðrir áherslupættir í starfinu eru markviss málörvun, stærðfræði, tónlist og heilsubók barnsins. Við leggjum áherslu á að barnið sé í fyrirrúmi og fái að njóta sín sem einstaklingur á sínum forsendum í leik og starfi. Einnig er áhersla á að nemandi læri að skapa og leita lausna án þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir.

Í vetur verður boðið upp á ýmsar upptökur í sal meðal annars verður haustfagnaður, hattaball, vorfagnaður, Heiðarselshlaup, hreyfivika í júní, sumarhátíð og Heiðargleði en þá hittast allar deildir í sal og skemmta sér saman.

Einkunnarorð Heiðarsels eru hreyfing-næring-listsköpun-leikur

Sérstakar áherslur

Í vetur verður haldið áfram að vinna með hreyfingu eins og undanfarin ár þar sem leikskólinn er heilsuleikskóli. Lögð verður áhersla á fjölbreytni í hreyfingunni. Eysteinn Sindri íþróttfræðingur, fagstjóri hreyfingar í leikskólanum hefur gert skipulag fyrir yngri og eldri nemendur skólans sem tekið verður í notkun í september. Boðið verður upp á aukatíma í hreyfipjálfun fyrir þau börn sem þess þurfa. Í heilsustefnunni er lögð áhersla á hreyfingu, næringu og listsköpun eins og áður hefur komið fram.

Könnunarleikur verður áfram fyrir yngstu nemendur enda hefur hann gefist mjög vel í starfi með þeim. Þetta er leikaðferð ætluð yngsta stiginu sem felst í því að nemendur handfjatra fjölda ólíkra hluta og kanna möguleika hlutanna sem þau leika sér með án afskipta fullorðinna á skipulögðu, afmörkuðu svæði en kennarinn er ávallt til staðar.

Í vetur verður haldið áfram með þróun á lestrar- og skriftarnámi þar sem elstu nemendur fara tvisvar í viku, frá september fram í maí, í vinnustundir og vinna sérstaklega með þessa þætti. Einnig verður unnið með stærðfræði þar sem áhersla er

á kennsluefnið í Numicon og tvær stærðfræðibækur sem heita í Talnalandi. Aðra bókina verður notast við fyrir áramót og hina eftir áramót. Þar sem þriðja bókin í Talnalandi hefur verið gefin út fyrsta bókin verða notuð eftir áramót með næstelstu börnunum og bók númer tvö og þrjú verður notuð á elstu deildinni. Einnig er notast við app frá sama framleiðanda sem heitir Afmæli í Talnalandi. Settir hafa verið upp sérstakir stærðfræðikrókar með Numicon á öllum deildum í frjálsum leik.

Áhersla verður lögð á listsköpun í öllum aldurshópum, þar sem hún verður meðal annars tengd við Listhátíð barna í Reykjanesbæ sem haldin er á hverju vori. Anna Marta Karlsdóttir verður áfram fagstjóri í listum. Fagstjóri sér um að allur efniviður sé til staðar og útbýr áætlanir fyrir hvern aldurshóp til að vinna með í listsköpun í vetur. Listsköpun fer fram í vali á öllum deildum.

Við munum vinna áfram með tónlist í vetur. Gildi tónlistar og tilgangur með kennslu er að nemendur kynnist henni á jákvæðan hátt í gegnum leik og gleði. Ingibjörg Hjördís mun sjá um tónlist á öllum deildum þar sem hún mun syngja með börnunum og leyfa þeim að spila á ýmis hljóðfæri s.s. hristur í mismunandi útfærslum og ýmis sláttur hljóðfæri.

Á tveimur elstu deildunum verður áfram unnið að þróun á krókum sem tengist inn á stafa- og hljóðainnlögn og stærðfræði. Lestrar krókurinn mun innihalda lestrarbækur, lestrarverkefni, skriftarverkefni, spil og verkefni sem þjálfa hljóðkerfisvitund barnanna. Í stærðfræði krókunum verður Numicon kennsluefnið aðgengilegt í frjálsum leik auk þess sem börnin munu hafa aðgang að ýmiskonar verkefnum er tengjast stærðfræði.

Sérstök lestrarsvæði verða einnig á hinum tveimur deildunum.

Markviss málörvun er einn af áhersluþáttum skólans og verður unnið í öllum aldurshópum 2-6 ára með þann þátt. Búið er að gera áætlun og fara nemendur einu sinni til tvisvar í viku í skipulagða málörvunarstund. Í vetur verður haldið áfram að leggja inn bókstafi og hljóð með öllum nemendum leikskólans þar sem stafaspjöld verða sýnileg inn á hverri deild. Markmiðið er að efla þennan þátt starfsins enn frekar og gera hann sýnilegri í starfinu. Við byrjum að leika með, syngja um og skoða stafina strax á yngstu deildinni, við byggjum svo ofan á þá þekkingu frá ári til árs og á elstu deild eru flestir farnir að þekkja bókstafina.

Stafa- og hljóðainnlögn tengist inn á tónlistartíma og allt almennt starf í leikskólanum. Teknar verða fyrir ákveðnar þulur, vísur og lög fyrir hvern mánuð í leikskólanum.

Skipulag

Vinnustundir verða fimm daga vikunnar, mánudaga-föstudaga þar sem unnið verður að ákveðnu viðfangsefni. Þar er vettvangur til að vinna með færri nemendur í einu. Nemendum er skipt upp í aldurshreina hópa á hverri deild.

Á starfsmannafundum og í undirbúningstímum fara hópstjórar yfir áætlun fyrir hvern aldur, mánuð í senn. Heilsustefnan mun lita okkar starf í vetur eins og undanfarin ár. Eysteinn Sindri íþróttfræðingur, mun sjá um hreyfingu í sal í vetur. Í samvinnu við

kennara mun hann sjá um að skipuleggja hreyfistundir og áhersla verður lögð á fjölbreytt hreyfinám sem verður samtvinnað öðrum þáttum leikskólastarfsins. Allir nemendur, að undanskildum elstu börnum leikskólans, fara tvisvar sinnum í viku í skipulagða hreyfingu í salnum okkar, elstu börnin fara þrisvar sinnum í viku í skipulagða hreyfingu. Einnig fara elstu nemendur leikskólans, fæddir 2015, í hreyfingu í sal Heiðarskóla.

Unnið verður með þemaverkefni í hreyfingu sem tengd verða við ákveðin áhersluatriði í heilsubók og annað starf eins og læsi og stærðfræði. Þá verða ákveðin atriði, sem eru í heilsubók, tekin inn í æfingarnar en öll hreyfing fer fram í gegnum leikinn. Einnig tengjast þemu í hreyfingu inn á áhersluþætti í málörvun, stærðfræði og tónlist. Áhersla er lögð á að gleði sé ríkjandi í hreyfistundum.

Markmið með hreyfistundum er að nemendur upplifi gleði og ánægju af þátttöku í leikjum og leikrænum æfingum. Nemendum þarf að líða vel, finnast gaman og upplifa hreyfingu sem jákvæðan hlut sem síðan verður eðlilegur hluti daglegs lífs.

Verkefni elstu nemenda

Elstu nemendur skólans eru 26 í vetur. Börnunum er þeim skipt upp í tvo til þrjá hópa eftir verkefnum og viðfangsefnum og vinna að þessum verkefnum fimm sinnum í viku frá lok ágúst og út skólaárið. Kennarar elstu nemenda eru búnir að gera áætlun sem unnið verður með í vetur. Unnið verður með lífsleikni, markvissa málörvun, stafa- og hljóðainnlögn, skrift, sögugerð, stærðfræði, Ótrúleg eru ævintýrin, hreyfingu, vináttuverkefni Barnaheilla, tónlist og vettvangsferðir. Einnig munu nemendur fara í skipulagðar heimsóknir í Heiðarskóla sem er okkar heimaskóli. Samstarfsáætlun milli skólastiga er í býgerð í samstarfi við Heiðarskóla. Samstarfsáætlunin felur meðal annars í sér heimsóknir í Heiðarskóla og heimsóknir Heiðarskóla í leikskólann. Svava aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um þetta samstarf.

Markmiðið með þessum stundum er að:

- ✓ Brúa bilið milli leik- og grunnskóla.
- ✓ Stuðla að vellíðan og öryggi nemandans við að flytjast af fyrsta skólastiginu yfir á það næsta.
- ✓ Mynda samfellu í námi nemandans.
- ✓ Nemandi upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans.

Vináttuverkefni Barnaheilla – save the children

Við munum halda áfram að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla með tveimur elstu árgöngum í Heiðarseli. Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti. Í því er unnið að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist.

Efnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu leikskólastarfinu og er órjúfanlegur hluti þess í allri vinnu og starfi leikskóla sem vinnur með Vináttu. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunnildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu. Hugmyndafræðin endurspeglast í

gildunum fjórum:

1. Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

2. Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi háttarni annarra.

3. Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

4. Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Við förum í stuttar og langar ferðir um bæinn okkar, í bókasafnið og fleira. Elstu og næstelstu nemendur skólans fara markvisst í vettvangsferðir og vinna síðan úr ferðunum í leikskólanum þegar heim er komið.

- Haustfagnaður verður haldinn í salnum í lok september.
- Haldið verður upp á 30 ára afmæli leikskólans 8. október.
- Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember. Elstu nemendur skólans verða með atriði í tengslum við þann dag og sýna atriði í Heiðarskóla.
- Hattaball verður haldið í salnum á þrettándanum.
- Haldið verður upp á þorrann, bollu- og sprengidag með hefðbundnum hætti.
- Boðið verður upp á bóndakaffi og konukaffi.
- Á öskudaginn verður skemmtun í salnum, þá mega börnin mæta í furðufötum.
- Listhátíð barna verður í maí, allir í leikskólanum taka þátt.
- Elstu börn leikskólans fara í útskriftarferð í maí.
- Útskriftarhátíð elstu barna þar sem börnin eru með skemmtiatriði fyrir foreldra sína.
- Aðrar skemmtanir sem verða á árinu eru: Heiðargleði, söngstundir, búningadagur, náttfataball, vorfagnaður og sumarhátíð.

Þróun og nýbreytnistarf

Í vetur munum við halda áfram að þróa þau fjölmörgu verkefni sem við vinnum með.

Rafræn Heilsubók

Heilsubók barnsins er nú orðin rafræn og í vetur munu tvær yngstu deildarnar vera með rafræna heilsubók. Skráning í heilsubókina fer áfram fram tvisvar sinnum á ári í afmælistánuði barnsins og svo á hálfis árs fresti.

Foreldraviðtöl

Með tilkomu rafrænnar heilsubókar mun sú breyting eiga sér stað að foreldraviðtöl verða einu sinni á ári í afmælistánuði barnsins.

Heilsueflandi samfélag

Við munum halda áfram að vinna í verkefninu okkar á vegum embættis Landlæknis sem nefnist "heilsueflandi leikskóli." Markmiðið með þessu þróunarstarfi er að styðja leikskólana í landinu í að vinna markvisst að heilsueflingu í sínu starfi. Lögð er áhersla á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast okkar heilsustefnu á einn eða annan hátt. Þessir lykilþættir eru: *Hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk*. Í tengslum við þetta höfum við skipað heilsuteymi leikskólans sem samanstendur af sex starfsmönnum og þau eru: Svava Ósk, Eysteinn Sindri, Sigríður Hrönn, Harpa og Ólína. Heilsuteymið er að vinna við að fylla út gátlista úr hverjum lykilþætti og munum við halda þeirri vinnu áfram í vetur.

Þróunarverkefni snemmtæk íhlutun - mál og læsi

Þróunarverkefni okkar snemmtæk íhlutun – mál og læsi var gefið út í september 2018. Verkefnastjórnarnir okkar ásamt starfsfólki leikskólans útbjuggu handbók fyrir Heiðarsel. Síðastliðinn vetur skoðuðum við allt námsefnið okkar og flokkuðum það til að auðvelda öllu starfsfólki að vinna með allt það flotta námsefni sem skólinn býr yfir og gera það aðgengilegra í leik og starfi.

Markmiðið með þessu verkefni er fyrst og fremst að ná fyrr til þeirra barna sem eiga í erfiðleikum hvað varðar málið þannig að mögulegt sé að byrja að vinna sem fyrst með þeim og fá viðeigandi aðstoð sem þörf er á. Samhliða því er lagt upp með að huga enn betur að nýtingu málörvunarefnis sem leikskólinn býr yfir og gera það aðgengilegra til kennslu. Handbókin okkar er lifandi skjal sem gott er fyrir bæði starfsfólk og foreldra að skoða.

Læsi og stærðfræði

Undanfarin ár höfum við lagt mikla áherslu á læsi og stærðfræði og þróað kennsluna okkar frá ári til árs. Þessar áherslur hafa verið eitt af aðalsmerkjum leikskólans með því að kenna börnum að þekkja bókstafi og hljóð þeirra, sem er undirstöðuþekking fyrir lestranáms, auk grunnþátta í stærðfræði. Við munum halda áfram að leggja áherslu á þessa þætti í vetur og vera með starfsfólk í stýrihópum í málörvun/lestri og stærðfræði. Hóparnir munu hittast reglulega í vetur og vera með yfirumsjón með verkefninu. Hlutverk vinnuhópanna verður að koma með hugmyndir að vinnu er tengist læsis- og stærðfræðiproska barna. Kennsluefni sem tengist þessum námsþáttum hefur verið sett á einn ákveðinn stað í bókahillu á starfsmannagangi til að auðvelda starfsmönnum aðgang.

Unnið verður áfram með Orðaspjall en það er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Aðferðin felst í að kennarinn les bók með börnunum og velur orð úr bókinni til að kenna og leika með eftir fjölbreyttum leiðum. Lögð er rík áhersla á samræður við bókalesturinn til að efla hlustunarskilning.

Undanfarin ár hefur starfsfólk í leik- og grunnskólum verið að þróa aðferðir hugmyndafræðinnar Uppeldi til ábyrgðar (Uppbyggingarstefnan). Upphafsmáður þessarar nálgunar er Diane Gossen, hún hefur starfsstöð í Kanada en starfar víða um heim. Í vetur ætlum við að halda áfram að vinna með uppbyggingarstefnuna og aðlaga hana að okkar starfi. Heiðarskóli, okkar heimaskóli starfar eftir þessari stefnu og hefur það gefist vel í skólalastarfinu.

Uppbyggingarstefnan þjálfar börn í að vera það sem þau vilja vera en ekki bara að geðjast öðrum. Meginmarkmið með stefnunni er að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og sjálfsgæta, taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Hún er leið til að ýta undir jákvæð samskipti og byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan með fáum en skýrum reglum. Við teljum þetta góða viðbót við okkar góða starf í leikskólanum.

Unnið er samkvæmt skólanámskrá leikskólans þar sem fram koma helstu áherslur í starfi skólans út frá nýrri Aðalnámskrá leikskóla.

Við gefum út deildarnámskrár fyrir hvern aldur. Í deildarnámskrám er fjallað um hvernig við vinnum með hvern aldur í leikskólalastarfinu, markmið og leiðir. Námskrárnar eru ætlaðar fyrir kennara og foreldra, eru uppfærðar ár hvert og eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Lestrarkrókar hafa verið settir upp á öllum deildum. Þar verða bækur í bókahillum/körfum sem börnin geta lesið. Markmið með króknum er að gera bækur og ritmál enn sýnilegra en nú er og auka áhuga barnanna á bókum.

Leikskólinn hefur á síðustu árum verið að þróa vinnu með einhverfum nemendum. Margir leikskólar leita til okkar að beiðni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til að skoða hvernig við höfum þróað starfið (TEACCH). Svava Ósk Stefánsdóttir og Magnea Sif Einarsdóttir munu sjá um og stýra þeirri vinnu. Auk þeirra hafa Halldóra Björk deildarstjóri, Steingerður Hermannsdóttir, Hafrún Hafþórsdóttir og Guðlaug Þorsteinsdóttir allar setið námskeið hjá greiningarstöð og munu nýta TEACCH skipulögð vinnubrögð inni á deildum sem og í sérkennslu.

Nemar frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri

Leikskólinn Heiðarsel hefur undanfarin ár tekið á móti nemum í vettvangsnámi í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Við munum halda því áfram í vetur og fá til okkar nema frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Aðlögun

Leikskólinn tók inn átján tveggja ára börn í ágúst. Aðlögun var með breyttu sniði í ár vegna fjöldatakmakanna og 2ja metra reglunnar. Við höfðum áfram þátttökuaðlögun en í stað þriggja heilla daga var aðlögunin í fjóra daga og hópnum var skipt í tvennt, hóparnir skiptust á að koma fyrir og eftir hádegi þessa fjóra daga með foreldrum sínum og var því viðvera þeirra með foreldum styttri en verið hefur undanfarin ár.

Þátttökuaðlögun byggir á því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi. Þeir dvelja inni á deild með börnum sínum allan tímann og taka með beinum hætti þátt í daglegu starfi deildarinnar. Foreldrar fylgja börnum sínum í leik og starfi, skipta á og gefa þeim að borða. Leikskólakennarar skipuleggja aðlögunina þannig að foreldrar kynnist því hvernig dagurinn gengur fyrir sig í leikskólanum. Á fimmta degi koma foreldrar með börnin sín og sækja þau á umsömdum dvalartíma. Aðlögunin byggir á þeirri hugmynd að öruggir foreldrar smita eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Jafnframt gefst foreldrum tækifæri til að kynnast öðrum foreldrum og börnum þeirra.

Stefna Reykjanesbæjar 2020-2030

Okkar verkefni og starf í vetur mun einnig tengjast inn á nýja framtíðarsýn Reykjanesbæjar sem hefur yfirheitið í krafti fjölbreytileikans. Þar hefur framtíðarsýn bæjarins verið tengd inn á 12 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Stefnan hefur sex áhersluatriði sem eru: börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, fjölbreytt störf, vistvænt samfélag, skilvirk þjónusta og kraftur fjölbreytileikans sem og þrjú gildi: virðing, eldmóður og framsækni.

Í vetur og næstu ár munum við tengja heimsmarkmiðin við áætlanir okkar og starf.

Mat á skólastarfi

Við metum skólastarfið hjá okkur í nokkrum liðum.

Í Heiðarseli erum við með stöðufundi daglega þar sem deildarstjórar og leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri fara yfir og skipuleggja daginn, deildarstjórafundir einu sinni í viku og deildarfundir á hverri deild aðra hverja viku.

Eitt foreldraviðtal er á hverju skólaári og er það í afmælistánuði barnsins. Starfsmannasamtöl eru tvisvar á ári, annað samtalið tekur leikskólastjóri og hitt samtalið tekur deildarstjóri viðkomandi deildar. Skipulagsdagar eru fimm yfir skólaárið og starfsmannafundir eru fimm. Við erum með skólanámskrá, námskrá fyrir hvern og einn aldur og eru aldurnámskrárnar endurskoðaðar ár hvert.

Öll börn á fjórða aldursári fara í EFI-2 málþroskaskimum sem skimar málþroska og máltjáningu hjá börnum á fjórða ári. Öll börn á fimmta aldursári fara í Hljóm-2 athugun að hausti þar sem hljóðkerfisvitund er könnuð og hefur slík athugun gefið okkur vísbendingar um gengi barnanna í lestraránami. Heilsubókin er okkar helsta mælitæki og metur framfarir hvers nemanda, kennarar skrá í heilsubókina tvisvar sinnum á ári og sýna foreldrum hana í foreldraviðtölum. Heilsubókinn er eign barnanna í lok leikskólagöngunnar.

Nemendur

Í Heiðarseli verða um 90 nemendur í vetur og verða allir nemendur í heilsdagsvistun. Deildirnar verða aldurshreinar að vanda. Á Hofi verða 2ja ára nemendur, á Hóli verða 3ja ára nemendur, á Brekku verða 4ra ára nemendur og á Bakka verða 5 ára nemendur. Aðlögun nýrra nemenda fer fram að hausti. Á aðlögunartíma er mikilvægt að foreldrar kynnist kennurum deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum, segja má að foreldrar séu einnig í aðlögun um leið og nemandi. Með því er lagður góður grunnur að samstarfi í framtíðinni. Enn er mikil ásókn foreldra í heilsdagspláss og allir nemendur skólans eru í hádegismat.

Starfsmenn

Starfsmenn eru 31 í tæplega 27 stöðugildum, 8 eru kennaramenntaðir þar af er 1 í meistaranámi, 1 tónlistarkennari, 3 með uppeldis og menntafræði, 4 leikskólaliðar, 1 félagsliði, 14 leiðbeinendur og þar af, 1 matartæknir og 1 aðstoðarmatráður í hlutastarfi, 1 nemi í kennarafræðum, 1 nemi í þroskaþjálfarafræði, 1 nemi í sálfræði.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl verða einu sinni á árinu, í febrúar/mars á milli leikskólastjóra og starfsmanna. Deildarstjórar verða með viðtöl við starfsmenn viðkomandi deilda í nóvember/desember.

Sérkennsla

Í vetur verða 16 nemendur sem njóta sérkennslu. Magnea Sif Einarsdóttir sérkennslustjóri verður með yfirumsjón með sérkennslunni. María Dögg sérkennari mun sinna sérkennslu ásamt fjölmörgum deildarstarfsmönnum þar sem sérkennsla fer einnig fram inn á deildum.

Fundir

Áætlað er að starfsmannafundir verði 4 yfir árið á vinnutíma, þrjár eru í tvær klukkustundir og einn í fjóra klukkustundir. Fundargerðir verða ávallt gerðar og lagðar fram. Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum og deildarfundir deilda verða hálf mánaðarlega fyrir hverja deild og oftast ef þurfa þykir. Deildarstjórafundir verða á miðvikudögum kl.14:00. Á hverjum morgni verða stöðufundir með deildarstjórum og leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra þar sem farið er yfir hvern dag fyrir sig. Einnig verða samráðsfundir hjá þeim sem sjá um sérkennslu. Samráðsfundir verða vegna samstarfs leik- og grunnskóla í vetur. Teymi verða starfrækt í vetur og verða gefnir fundartímar vegna þeirra. Fundir verða með heilsuteymi leikskólans. Allt starfsfólk leikskólans á sinn undirbúningstíma einu sinni í viku samkvæmt sínum kjarasamningi.

Skipulagsdagur/námskeið

Fimm skipulagsdagar verða yfir skólaárið, fyrsti þann 10. ágúst, annar þann 19. október, þriðji þann 12. janúar, fjórði þann 10. mars og fimmti 25. maí. Skipulagsdagarnir eru nýttir til að skipuleggja og endurmeta starfið. Einnig förum við á námskeið og ráðstefnur.

Endur- og símenntun

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi fyrir starfsfólk skólans út frá stefnu skólans, áherslupáttum eða þróunarverkefnum næsta vetrar og niðurstöðum úr starfsmannasamtölum.

Endur- og símenntun starfsfólks í Heiðarseli fer fram á skipulagsdögum og á starfsmannafundum. Reykjanesbær stendur fyrir námskeiðum fyrir foreldra í verkefninu „Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar“. Við höfum kynnt þetta verkefni fyrir foreldrum og hefur aðstoðarleikskólastjóri kynnt efnið fyrir starfsmönnum.

Kynning á persónuverndarlögum - allir starfsmenn – september 2019

Kynning á fjarverustefnu Reykjanesbæjar /Bradford kvarða – allir starfsmenn – september 2019

Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik Greiningar- og ráðgjafastöð – sérkennslustjóri og kennari – október 2019

Kennum nýja færni Greiningar- og ráðgjafastöð - sérkennslustjóri október 2019

Lubbi í leikskólastarfi/tenging við grunnskóla – tveir kennarar sátu námskeiðið – október 2019

Trúnaðarmannanámskeið KÍ – kennari – október 2019

Hugarfrelsi Öndun, slökun, jóga og hugleiðsla í leikskólastarfi – allir starfsmenn – október 2019

Stjórnendadagur Reykjanesbæjar – leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri – október 2019

Kynning á endurbættri útgáfu á "Tölum saman" – leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og fjórir kennarar – nóvember 2019

Kynning á vinnsluskrá persónuverndar – leikskólastjóri – nóvember 2019

Sýnd mynd um slímseigjusjúkdóminn – allir starfsmenn – nóvember 2019

Kynning á Hugarfrelsi – leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og þrjú kennarar

Hugarfrelsi – allir starfsmenn – janúar 2020

Stjórnendadagur Reykjanesbæjar – leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri – maí 2020

Símenntun starfsmanna er skipt í tvo meginþætti, annars vegar námskeið og fyrirlestra sem eru nauðsynlegir fyrir starfsemi leikskólans og hins vegar námskeið sem starfsmaður metur æskileg eða nauðsynleg fyrir sig.

Ef starfsmenn óska eftir því að fara á námskeið þá er það á þeirra kostnað eða þeir sækja um í endurmenntunarsjóðum hjá sínu félagi. Slík námskeið eru háð því að þau nýtast í starfi og reynum við eftir fremsta megni að bregðast við því.

Foreldrasamstarf

Áhersla er lögð á góð og jákvæð samskipti milli heimilis og leikskóla. Við bjóðum upp á einstaklingsviðtöl í afmælistíð barnsins þar sem foreldrum gefst tækifæri á að ræða um sitt barn. Í viðtölum er Heilsubók barnsins lögð fram en bókin er skráningarbók sem inniheldur ýmis skráningarblöð sem varða upplýsingar um nemandann, eins og heilsufar, hæð og þyngd, félagsfærni, hreyfigetu, næringu og svefn auk færni í listsköpun. Hver nemandi á sína bók og skráð er í hana með leyfi foreldra tvisvar á ári. Bókin er eign nemandans að lokinni leikskólavöl.

Við leggjum einnig áherslu á góð dagleg samskipti þegar nemandi kemur og fer. Í fataklefum er að finna skráðar upplýsingar um það sem nemandinn gerir yfir daginn. Leikskólinn gefur út 2 fréttabréf á ári sem eru send í tölvupósti til foreldra. Deildarstjórar senda einnig foreldrum reglulega fréttir af starfi deildarinnar. Leikskólinn er með heimasíðu (www.heidarsel.leikskolinn.is) og þar geta foreldrar nálgast ýmsar upplýsingar eins og skólanámskrá, skóladagatal og matseðil. Tölvusamskipti eru mikið notað í foreldrasamskiptum, t.d. verður foreldrum sent skóladagatal leikskólans auk þess sem sendar verða tilkynningar um viðburði skólans. Karellen er skráningarkerfi leikskólans og inn á það svæði fá foreldrar aðgang þegar barnið þeirra byrjar í leikskólanum. Í gegnum karellen skrá kennarar mætingu, hvernig barnið borðaði og svaf, einnig setja kennarar inn ljósmyndir af börnunum úr leik og starfi. Foreldrar geta farið inn á sitt svæði og séð hvernig barnið sitt borðar og sefur sem og myndir úr starfinu. Foreldrar geta sent skilaboð til kennara í gegnum kerfið og skráð sjálf ef barnið er veikt eða í leyfi. Skólanámskrá leikskólans og ársáætlun skólans eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Einnig eru námskrár fyrir hvern aldur á hverri deild. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann, alla daga. Við bjóðum foreldrum sérstaklega í jólasöngstund, bóndakaffi, konukaffi og á sumaráttíð skólans, sjá skóladagatal 2019-2020.

Á vorin er kynningarfundur fyrir nýja foreldra þar sem deildarstjórar taka á móti foreldrum, kynna starfsfólkið, starfið og heilsubókina og sýna foreldrum skólann og deild nemandans

Foreldrafélag er starfandi við skólann, sex fulltrúar foreldra eru í stjórn félagsins auk eins fulltrúa starfsfólks. Félagið hefur meðal annars staðið fyrir jólaballi, sveitaferð, íþróttadegi og styrkt skólann um leiksýningar og ýmis áhöld.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar og leikskólastjóri. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr.2.mgr.4.gr, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Samstarf

Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Leikskólinn fær ráðgjöf frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, leikskólafulltrúa og sérkennslufulltrúa leikskóla. Leikskólafulltrúi sér um innritun nemenda í leikskólann og gjaldkeri sér um færslur vegna leikskólagjalda. Á Fræðsluskrifstofu eru einnig starfandi talmeinafræðingar, sálfræðingar og félagsráðgjafar sem veita stuðning og ráðgjöf. Samstarf er við Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins vegna barna með sérparfir. Gott samstarf er við aðrar deildir bæjarins.

Samstarf við grunnskóla

Samstarf er við grunnskóla bæjarins vegna nemenda sem dvelja hjá okkur. Heiðarskóli er okkar heimaskóli, gott samstarf var á síðasta ári og vonumst við til að svo verði einnig á þessu skólaári. Heimsóknir í skólann hafa verið skipulagðar. Nýja áætlunin gerir ráð fyrir enn markvissari samvinnu milli skólastiganna.

Heiðarskóli, Heiðarsel og Garðasel vinna saman að verkefninu Gryfjan sem er samfélagslegt verkefni þar sem markmiðið er að gera svæðið í gryfjunni að skemmtilegum stað fyrir unga sem aldna að heimsækja. Þar er hugmynd að gera útikennslusvæði og virkja alla í hverfinu til að taka þátt í uppbyggingunni.

Nemar

Við höfum verið með nema sem stunda nám í leikskólakennarafræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri undanfarin ár og í vetur eigum við von að á að fá nema frá þeim.

Viðhald húsnæðis

Viðhald innanhúss

- Settir voru upp nýir starfsmannaskápar
- Kaffistofa starfsfólks innréttuð
- Sérkennsluherbergi innréttuð
- Málaðir voru margir veggir

Viðhald utanhúss

- Leiktæki máluð
- Tvær ungbarnarólur teknar úr hringrólu og settar við sandkassa

Lokaorð

Á Heiðarseli er lagt upp með að hafa gott og faglegt starf innan skólans. Við viljum hafa jákvæðni og gleði í okkar starfi, að nemendur öðlist öryggi í leikskólanum og að þeim líði vel. Í vetur vinnum við áfram með okkar frábæru heilsustefnu sem við tókum upp fyrir nokkrum árum og sem stuðlar að heilsueflingu nemenda. Áhersla verður lögð á tónlist, söng, hreyfingu, dans og listsköpun en þessir þættir eru allir

hluti af heilsustefnunni. Einnig verður áhersla lögð á læsi og stærðfræði. Við munum halda áfram að innleiða Uppbyggingastefnuna í okkar starf.

Leikskólinn Heiðarsel er með mikinn stöðugleika í starfsmannahaldi, við erum með faglegan og öflugan starfsmannahóp sem hefur metnað í starfi. Í Heiðarseli er almenn starfsánægja og góður starfsandi er ríkjandi.

Heilsuleikskólinn Heiðarsel september 2020

Hanna Málmfríður Harðardóttir leikskólastjóri
Svava Ósk Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Skóladagatal Heiðarsels 2020-2021

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 F	29 Þ	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 L	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L

Skóladagatal Heiðarsels fylgiskjal 2020-2021

Skertir dagar

Á skertum dögum er leikskólinn ýmist lokaður á milli 8:00-10:00, 08:00-12:00 eða á milli 14:00-16:00 vegna námskeiða eða starfsmannafunda.

Litadagar

Þá hvetjum við börn og starfsfólk til að mæta í t.d gulum fötum og/eða með gula fylgihluti. Tilgangurinn með þessum dögum er að kenna börnum litina og tengja þá við málörvun og daglegt líf okkar.

Við munum hafa bleikan litadag í október á sama tíma og hann er í þjóðfélaginu sem og í apríl munum við hafa bláan dag á sama tíma og hann er í þjóðfélaginu.

Röndóttur, doppóttur, öfugsnúinn, köflóttur dagur

Þá hvetjum við börn og starfsfólk til að mæta í t.d röndóttum fötunum og/eða með röndóttu fylgihluti. Tilgangurinn með þessum dögum er að kenna börnunum ný hugtök og tengja þá við málörvun og daglegt líf okkar.

Rafmagnslauss dagur:

Börnin mega koma með vasaljós eða annað ljósgjafa að heiman og ætlum við að hafa öll ljós slökkt hluta af deginum.

Bókadagur:

Þennan dag mega allir nemendur skólans koma með bók að heiman í leikskólann. Munið að merkja bók barnsins. (engir bókadagar verða fyrir áramót þar sem ekki er ráðlagt að börn komi með dót eða aðra fylgihluti að heiman í leikskólann)

Haustfagnaður:

Nemendur og kennarar hittast í salnum og dansa saman

Afmæli Heiðarsels:

Heiðarsel 30 ára, skemmtun í sal

Skipulagsdagur:

Leikskólinn lokaður, starfsmenn fara á námskeið eða skipuleggja starfið.

Búningadagur:

Börn og starfsfólk mega mæta í grímubúningum eða furðufötum.

Dagur íslenskra tungu:

Elstu nemendur skólans æfa atriði og sýna í Heiðarskóla

Bakstur: Hof-Brekka-Bakki-Hóll

Allir nemendur skólans fá að baka piparkökur fyrir jólin

Jólasamvera:

Foreldrum er boðið í heimsókn, boðið upp á piparkökur sem nemendur hafa bakað

Litlu jólin- jólamatur:

Kennarar og nemendur dansa og syngja í salnum, boðið upp á jólamat fyrir nemendur og kennara í hádeginu

Leikskólar Reykjanesbæjar lokaðir:

Leikskólar Reykjanesbæjar verða lokaðir á milli jóla og nýárs.

Hattaball:

Hattaball haldið í salnum, nemendur mega koma með hatta eða önnur höfuðföt að heiman og við kveðjum jólin.

Þorrablót:

Haldið í salnum, gamlir hlutir skoðaðir, þorramatur smakkaður

Bóndakaffi

Pabbar og afar boðnir í kaffi í tilefni bóndadagsins

Konukaffi

Mömmur og ömmur boðnar í kaffi í tilefni konudagsins

Öskudagur:

Pennan dag mega nemendur koma í grímubúningum eða furðufötum, skemmtun í salnum

Vorfagnaður:

Skemmtun í salnum fyrir allar deildir/náttfatadagur

Útskriftarferð elstu nemenda:

Farið með alla elstu nemendur skólans í útskriftarferð

Útskrift elstu nemenda og sumarhátíð:

Foreldrum boðið í útskrift elstu nemenda og í framhaldi af útskriftinni ætlum við að hafa sumarhátíðna okkar, foreldrum og systkinum er boðið á hátíðina. (stefnt er að því að hafa hana 16.júní en verður skoðað þegar nær dregur gott að hafa hátíðina í góðu veðri)

Heiðarsels hlaupið

Nemendur hlaupa mislangar vegalengdir

Íþróttavika:

Verður haldin í maí/júní, boðið upp á ýmislegt eins og þrautabraut, dans, fótbolta, körfubolta, vettvangsferðir og fleira

Sumarfrí 2021: Verður auglýst síðar.

Umsögn foreldraráðs Heiðarsels.

Reykjanesbær, 14. September 2020

Foreldraráð Heiðarsels hefur yfirfarið starfsáætlun Heiðarsels fyrir starfsárið 2020-2021 og skrifar hér umsögn samkvæmt 11. grein Leikskólalaga númer 90/2008. Foreldraráð hefur átt gott samstarf með leikskólanum og hefur starfsáætlun Heiðarsels síðustu starfsára verið fylgt skipulega eftir með áherslu á börnin og þeirra þarfir. Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með heilsustefnu leikskólans, með áherslu á hreyfingu, næringu og listsköpun og svo aðra áherslurætti sem eru markviss málörvun, stærðfræði og tónlist. Fjölbreytt hreyfinám er samtvinnað við alla áherslurætti leikskólans og er fagstjóri hreyfingar sem sér um skipulagða hreyfingu fyrir alla aldurshópa. Ánægjulegt þykir okkur að uppeldisstefnan Uppeldi til ábyrgðar er notuð í daglegu starfi Heiðarsels og teljum við það jákvæða viðbót við áherslur leikskólans. Auk þess teljum við það jákvæða þróun að heilsubók barnanna sé rafræn. Heiðarsel heldur áfram að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla og mælist það vel fyrir í góðu starfi í forvörnum. Þátttaka í Listahátíð barna í Reykjanesbæ er verðugt verkefni og öflug hvatning til barnanna að leggja sitt af mörkum. Áhersla á tónlist er öflug og skapandi með þátttöku barnanna og er kennslan fjölbreytt. Lestrarkrökur og aðgengi að bókum er ánægjulegt.

Deildarnámsskrár, sem gefnar eru út fyrir hvern aldur, auðvelda foreldrum aðgengi að stefnu skólans og gefur þeim tækifæri til að fylgjast vel með sínu barni. Á yngri deildum er áhersla meðal annars lögð á könnunarleik og á elstu deildinni verður haldið áfram með þróun á lestrar- og skriftarnámi auk þess sem unnið er með þróun á krókum. Í krókum er áhersla lögð á stærðfræði og stafa- og hljóðainnlögn. Samstarf við Heiðarskóla og reglulegar heimsóknir í skólann er svo mikilvægur þáttur í starfi elstu deildar. Ávinningur þessara samstarfs er án efa til hagsbóta fyrir nemendur áður en haldið er í grunnskóla og myndar mikilvæga samfellu í þeirra skólagöngu. Ánægjulegt er að starfsfólk Heiðarsels leggur metnað í ýmis þróunarverkefni eins og Heilsueflandi leikskóli, Snemmtæk íhlutun-mál og læsi og stærðfræði. Þessi verkefni, sem og áherslur Heiðarsels samkvæmt deildarnámsskrám, samræmast Læsisstefnu Reykjanesbæjar og framtíðarsýn Reykjanesbæjar.

Að lokum vill foreldraráð lýsa yfir ánægju sinni með að áherslur Heiðarsels er á flest þau svið sem varða velferð og þroska barna. Unnið er markvisst með málörvun, stærðfræði, næringu, hreyfingu og listsköpun þar sem einblínt er á einstaklinginn og að hann njóti sín og læri á sínum hraða og á sínum forsendum.

Virðingarfyllst,
Inga Lára Jónsdóttir
Sigrún Helga Björgvinsdóttir
Tinna Ösp Káradóttir